

**Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020, með síðari breytingum (námsstyrkir og endurgreiðslur), mál nr. S-45/2025.**

Landssamtökum íslenskra stúdenta (hér eftir „LÍS“) hefur borist til umsagnar frá háskóla-, menningar- og nýsköpunarráðherra drög að frumvarpi um breytingar á lögum um Menntasjóð námsmanna (hér eftir „MSNM“). LIS fagna því sérstaklega að lögð hafi verið áhersla á samráð við stúdenta við undirbúning frumvarpsins og aðkoma þeirra sem hagaðilar að fyrirhuguðum breytingum tryggð. LIS fagna þeim breytingum sem lagðar eru fram, og umsögn þessi er því helst til þess gerð að styrkja rökstuðning greinargerðarinnar í von um að frumvarpið nái fram að ganga. Þó er ljóst að nauðsynlegt er að fara í heildræna endurskoðun á lögum um Menntasjóð námsmanna til þess að laga alla vankanta laganna svo sjóðurinn uppfylli markmið sitt um að vera félagslegur jöfnunarsjóður sem tryggir aðgengi að námi óháð félagslegri og efnahagslegri stöðu. Stúdentar krefjast þess að stjórnvöld tefji ekki lögbundna heildarendurskoðun laganna og vinni náð og þétt með hagsmunasamtökum stúdenta í því ferli.

Í upphafi er tilefni til þess að taka fram að skortur á stuðningi við háskólanema hefur leitt af sér háa atvinnuþátttöku stúdenta og lengstu námshlé (í 2 ár eða meira) í Evrópu.<sup>1</sup> Atvinnuþátttaka íslenskra stúdenta er sú hæsta af öllum samanburðarlöndum og fer hækkandi á milli ára, en í könnun Eurostudent kemur fram að 74% íslenskra stúdenta vinna með námi og fullyrða að án launaðrar vinnu hafi þau ekki efni á því að vera í námi; háskólanemar hreinlega neyðast til að vinna jafn mikið og raun ber vitni. Á sama tíma er fjöldi námslánþega í sögulegu lágmarki, og ljóst er að núverandi kerfi þarfnast stórtækra breytinga ef sjóðurinn á að uppfylla lögbundið hlutverk sitt sem félagslegur jöfnunarsjóður.<sup>2</sup>

### **Breytingar á styrkjafyrirkomulagi**

LÍS fagna því að lagður sé til 20% námsstyrkur við lok hvernar námsannar auk 10% styrks við námslok, en stúdentahreyfingin hefur lengi kallað eftir styrkjakerfi að norrænni fyrirmynd.<sup>3</sup> Núverandi styrkjafyrirkomulag er þeim annmörkum háð að óljóst er hvort námsmaður hljóti styrk þar til við lok náms, og því fellur markmið nógildandi laga um að stuðla að gagnsæri námsaðstoð ríkisins um sjálf sig. Nú þegar reynsla er komin á hið nýja kerfi er ljóst að styrkjafyrirkomulag H-lána hefur ekki hvatt til hraðari námsframvindu og raunar eru vísbendingar um að námsstyrkurinn í núverandi mynd hafi aukið ójafnræði og ójöfnuð. Þá er sérstaklega vert að nefna að greiðslubyrði þeirra sem ekki hljóta styrkinn er yfir 60% hærri samanborið við eldri námslán, og hætta er á því að sú greiðslubyrði bitni mest á þeim sem uppfylla ekki kröfur um námsframvindu vegna efnahagslegra eða félagslegra aðstæðna.<sup>4</sup> Því er dreifing á ríkisstyrkjum til lánþega ekki til þess fallin að stuðla

<sup>1</sup> [Eurostudent VIII](#)

<sup>2</sup> [Ársskýrsla Menntasjóðs námsmanna 2023](#)

<sup>3</sup> [Ákall LIS um styrkjakerfi að norskri fyrirmynd](#)

<sup>4</sup> [Umsögn BHM og LIS um breytingar á lögum um Menntasjóð námsmanna](#)

að jafnara aðgengi að námi. Aukinn sveigjanleiki styrkjafyrirkomulags er mikilvægt skref í átt að því að styrkur ríkisins nái til breiðari hóps stúdenta og að tekið sé mið af ólíkum aðstæðum þeirra, í stað þess að styrkja einungis þau sem hafa tök á að útskrifast á tilsettum tíma.

Eins og fram kemur í greinargerð er endurskoðun laganna ekki lokið og breytingar þessar háðar núverandi stöðu ríkissjóðs, en LÍS áréttar að heildarendurskoðun er áriðandi og mikilvægt að frekari skref séu tekin til að bæta styrkjafyrirkomulagið, þá sérstaklega hvað varðar tímamörk námsstyrkja í anda norska kerfisins, enda hefur há atvinnuþátttaka námsmanna óneitanlega áhrif á námsframvindu og lengd námstíma. Frekari rökstuðning um styrkjakerfi að norski fyrirmynd og ítarlegri útlistun á sjónarmiðum stúdenta hvað varðar nauðsynlegar breytingar á námslánakerfinu er að finna í kröfum LÍS vegna endurskoðunar á lögum um Menntasjóð.<sup>5</sup>

### **Aukið svigrúm varðandi endurgreiðslur lána og vaxtaviðmið**

LÍS fagna því að tekin séu metnaðarfullri skref til að bregðast við ákalli stúdenta um aukinn sveigjanleika, bæði með því að lengja upphaf endurgreiðslutíma námslána úr einu ári í 18 mánuði og einnig með því að veita heimild til að fresta greiðslu eldri lána þar til H-lán hefur verið greitt upp. Þeir lánþegar sem skulda bæði H-lán í nýja námslánakerfinu auk eldri LÍN-lána og hafa nú hafið endurgreiðslu lýsa þungri greiðslubyrði sem nemur oft meira en heilum mánaðarlaunum og getur verið verulega íþyngjandi fyrir nýbrautskráða einstaklinga sem eru að fóta sig á atvinnumarkaði og húsnæðis- eða leigumarkaði.

Það er jákvætt að minnka eigi áhrif stýrivaxtaákvæðana Seðlabanka Íslands á vaxtabyrði námslána með því að byggja á þriggja ára meðaltali vaxta í stað eins mánaðar eins og raunin er nú. Þetta eykur fyrirsjáanleika í afborgunum af lánunum og kemur í veg fyrir að greiðslubyrði aukist ófyrirséð, en færa má rök fyrir því að óvissa hvað varðar vaxtakjör eigi stóran þátt í því hve fáir stúdentar þiggja nú námslán. Stúdentar krefjast þess að umfangsmeiri breytingar verði gerðar á vaxtaumhverfi námslána þegar kemur að heildarendurskoðun laganna og að vaxtaþak verði lækkað,<sup>6</sup> en samanburður á greiðslubyrði eldri og nýrri námslána í fyrrnefndri ársskýrslu Menntasjóðs sýnir að vextir nýrra lána eru tífalt hærri en í gamla kerfinu og éta þannig upp niðurfellinguna. Að lokum er einnig brýnt að leiðrétta núverandi áhættuálag sem veldur því að lánþegar bera einir þungann af væntum afföllum sjóðsins sem eykur enn á óvissu um hver vaxtakjör og greiðslubyrði koma til með að vera.

Fyrir hönd LÍS,



Lís Margrét Gunnarsdóttir, forseti Landssamtaka íslenskra stúdenta

<sup>5</sup> [Heildarkröfur LÍS vegna endurskoðunar á lögum um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020](#)

<sup>6</sup> [Frekari rökstuðningur LÍS um nauðsynlegar breytingar á vaxtaumhverfi námslána](#)